

ENDURREISN ÓLAFSDALS

140 ÁRA AFMÆLI FYRSTI BÆNDASKÓLI Á ÍSLANDI!



Sveitarfélagið Dalabyggð

c/o Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Miðbraut 11, 370 Búðardal

13. nóvember 2019

Ólafsdalsfélagið var stofnað í júní 2007 og verður því 13 ára á næsta ári. Í því eru nú yfir 300 félagsmenn. Félagið hefur frá þeim tíma unnið að endurreisn Ólafsdals við Gilsfjörð sem er einn merkasti menningarminjastaður í Dölum og við Breiðafjörð. Félagið aflaði þannig um 60 milljóna króna á árunum 2008-2019 til að vinna að endurreisn Ólafsdals og til reksturs staðarins og hefur auk þess lagt fram sjálfböðavinnu sem meta má á 26-30 milljónir.

Vinna og framlög félagsins skiluðu því að gengið var frá samningi við Minjavernd og fjármálaráðuneytið í ágúst 2015 um mikla uppbyggingu í Ólafsdal sem vænst er að ljúki á næstu 3-4 árum og að rekstur í fjórum húsum hefjist sumarið 2021. Er hún metin á 700-900 milljónir og mun verða mikil lyftistöng fyrir Dalabyggð og nágrennasveitarfélögin. Deiliskipulag Minjaverndar fyrir framkvæmdsvæðið og vandaðri forleifaskráningu á deiliskipulagssvæðinu var lokið árið 2017. Sama ár lét Minjavernd forleifaskrá svæði utan deiliskipulagsreits. Komu þá m.a. í ljós fornar rústir innar í Ólafsdal. Stærsta byggingin, 140 m² landnámsskáli, er frá. 9.-10. öld. Yfir 1000 ára saga Ólafsdals var þar með staðfest. Fengust styrkir til uppgrftar Fornleifastofnunar Íslands undir stjórn Birnu Lárusdóttur sumrin 2018 og 2019. Mun forleifarannsóknunum haldi áfram sumarið 2020. Árið 2018 endurreisti Minjavernd mjólkurhúsið í Ólafsdal (frá um 1890) og vinnur nú að endurreisn fjóssins (frá 1898) og byggingu áhaldahúss. Þá hefur með borunum fundist um 5 l/sek af 35°C heitu vatni í Ólafsdal sem mun verða uppbyggingunni mjög mikilvægt.

Ólafsdalsfélagið mun samkvæmt samningnum áfram gegna lykilhlutverki við að miðla sögu og menningu staðarins. Jafnframt mun félagið sjá um rekstur og fræðslu í Ólafsdal sumarið 2020, standa að Ólafsdalshátíðum, lífrænni ræktun grænmetis o.fl. Má búast við verulegri fjölgun gesta árið 2020 í ljósi aukinnar fjölmiðlaumfjöllun um staðinn. Árið 2020 verður auk þess haldið upp á að þá verða liðin 140 ár frá stofnun Ólafsdalsskólans. Verður ýmislegt gert til að minnast þess og því meira umleikis en oftast áður.

Áætlun um helstu verkefni Ólafsdalsfélagsins árið 2020 og kostnað við þau:

- | | |
|---|--------------|
| • Sumarrekstur í Ólafsdal 2020 | 3.000.000 kr |
| • Ólafsdalshátíð 2020 (afmælishátíð) | 2.000.000 kr |
| • Lífræn ræktun Ólafsdalsgrænmetis. | 1.000.000 kr |
| • Skráning muna, viðburðir og fræðsla tengd 140 ára afmæli skólans. | 2.000.000 kr |

Ólafsdalsfélagið sækir því um 2.000.000 kr styrk frá Dalabyggð til verkefna á árinu 2020.

F.h. stjórnar. Virðingarfyllt,

Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Ólafsdalsfélagsins.

s. 693 2915